**Nd.** **1129. Breytingartillögur** [431. mál]

við frv. til l. um virðisaukaskatt.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Virðisaukaskattur skal lagður á með tveimur mismunandi skattþrepum og skulu þau ákveðin í fjárlögum ár hvert. Hið lægra virðisaukaskattsþrep, sem ekki má vera hærra en 6%, skal notað við álagningu á matvæli og aðrar helstu nauðsynjavörur heimilanna samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð. Allar aðrar vörur og þjónusta, svo og annað sem er virðisaukaskattsskylt samkvæmt lögum þessum, skal bera skatt samkvæmt hærra þrepinu sem ekki má vera hærri en 22%.
2. Við 20. gr. Orðin „fyrir fram“ í 3. málsl. 1. mgr. falli brott.